



Fréttabréf Naustaskóla

8. tölublað, 7. árgangur, 1. september 2014

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Gangbrautin

Enn vantar sjálfboðaliða til starfa við gangbrautavörslu. Við skorum því á þá sem tók hafa á að taka þátt í þessu verkefni að gefa kost á sér með því að senda póst á naustaskoli@akureyri.is

Lúsin

Við höfum ekki farið varhluta af heimsókn lúsarinnar þetta haustið og því mikilvægt að foreldrar séu stöðugt á vardi og láti skólann vita ef vart verður við kvikindið. Vert er að minna á aldeilis þryðilegt fræðslufni á vefnum <http://www.farvellus.dk> en þar má m.a. finna myndbönd með leiðbeiningum um lúsaleit o.fl.

Kæra skólasamfélag

Sjötta starfsár Naustaskóla er nú komið í fullan gang og fer þryðilega af stað. Það er alltaf jafn gaman fyrir okkur skólastarfsfólkið að hitta krakkana aftur á haustin, endurnýja kynnin við nemendur sem hafa dafnað og þroskast yfir sumarið, og eins að kynnast nýjum nemendum og foreldrum. Í vetur ætlum við að halda áfram að þróa og móta skólann okkar og þar er að sjálfsögðu um að ræða verkefni okkar allra sem skipum skólasamfélagið, hvort sem við erum nemendur, forráðamenn eða starfsmenn. Helstu markmiðum og verkefnum skólaársins er lýst í starfsáætlun skólans sem birt verður á heimasíðunni í lok næstu viku, og á sama tíma munu kennsluteymi hvers námshóps birta sínar áætlanir fyrir veturinn þar sem gerð er grein fyrir starfsháttum og helstu áherslum. Dagana 8.-11. september verðum við svo með kynningarfundum fyrir foreldra (sjá neðar) þar sem farið verður yfir þessi plögg og tækifæri gefst til samræðna, spurninga og ábendinga um hvaðeina sem varðar skólastarfið. Þann 6. október verður viðtalsdagur þar sem foreldrar, nemendur og umsjónarkennarar setjast niður til skrafs og ráðgæðna. Þá er ótalinn aðalfundur Foreldrafélagsins sem verður þann 17. september. Við óskum eftir öflugri þátttöku foreldra í öllum þessum atburðum enda er gríðarlega mikilvægt að foreldrar láti sig skólastarfið varða, sýni því áhuga og taki þátt, því að Naustaskóli er skólinn okkar og við berum öll ábyrgð á því að hann sé börnunum okkar hinn besti mögulegi skóli! Með von um að sjá sem flesta í skólanum á næstu vikum, Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Foreldrar verum samtaka

Útivistarreglurnar

Á skólatíma
(1. september til 1. maí)

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20
13 - 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 22

Morgunfundir

Dagana 8.-11. september, verða morgunfundir fyrir foreldra í 2.-10. bekk þar er um að ræða kynningu fyrir foreldra á starfi barnanna í skólanum o.fl. auk þess sem tækifæri gefast til umræðna og fyrirspruna. Fundirnir verða kl. 8:10-9:10 að morgni, nemendur mæta einnig á sama tíma og venjulega þessa daga nema nemendur í 8.-10. bekk sem fá að sofa örlítið lengur þann 11. sept. Fundirnir verða sem hér segir:

- 2.-3. bekkur þri. 9. september kl. 8:10
- 4.-5. bekkur mán. 8. september kl. 8:10
- 6.-7. bekkur mið. 10. september kl. 8:10
- 8.-10. bekkur fim. 11. september kl. 8:10 (nemendur í 8.-10. bekk mæti þann dag kl. 9:15)

Mikilvægt er að fulltrúar frá öllum nemendum mæti á fundina!

Skólapúlsinn – foreldrar athugið!

Skólinn notar sjálfsmatskerfið Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja nemendur í 6.-10. bekk spurninga um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi, viðhorf þeirra til námsins og ýmissa almennra spurninga um skóla og bekkjaranda.

Nemendur svara í skólanum spurningalista á netinu. Hver nemandi svarar könnuninni einu sinni á ári og tekur um 20 mínútur að svara henni. Könnunin er hluti af sjálfsmati skólans og niðurstöður eru eingöngu birtar skólum í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa. Niðurstöðurnar eru jafnframt notaðar af starfsmönnum Skólapúlsins til að framkvæma tölfræðigreiningar m.a. fyrir fræðsluskrifstofur, ráðuneyti og fræðimenn til að auka skilning á þroska og námsaðstæðum nemenda á landsvísu. Sjálfsmatskerfið hefur verið tilkynnt til Persónuverndar undir númerinu S5590. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapúlsinum og því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju. Ef að foreldri er mótfallið því að því nemandi svari spurningalistanum er það beðið um að hafa samband við skólann og verður þá nemandinn fjarlægður af þátttakendalistanum. Nánari upplýsingar um Skólapúlsinn eru á www.skolapulsinn.is/um. Einnig er hægt að hringja í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is.

Hagnýtar upplýsingar varðandi mentor.is

Til að komast í Mentor (www.mentor.is) þarf að hafa aðgangsorð og lykilorð. Á Mentor má finna upplýsingar um nám nemenda, bekkjarlista, ástundun, verkefnabækur, dagbækur o.fl.

Inni á svæði foreldra er líka hægt að tilkynna veikindi (allt að tveimur dögum í einum) þannig að ekki þurfi að hringja að morgni til í skólann heldur fáði þið staðfestingu senda á netfangið ykkur þegar ritari hefur móttengið beiðnina. Með þessu er t.d. hægt að skrá á miðvikudagskvöldi veikindi vegna fimmtudags.

Þeir sem ekki hafa aðgang að Mentor, eða eru búnir að gleyma aðgangsorðinu, geta leyst málið með því að fara inn á síðuna: www.mentor.is Þar er hægt að skrá sig inn í kerfið með notendanafni sem er kennitala án bandstriks. Sé viðkomandi ekki með lykilorð er smellt á "Gleymt lykilorð". Þá fer af stað ferli sem viðkomandi er leiddur í gegnum og fær þá sent lykilorð í tölvupósti. Ef allt kemur fyrir ekki er hægt að hafa samband við ritara skólans og fá sent lykilorð.

Nemendur eiga ekki undir neinum kringumstæðum að fara inn á vefinn með aðgangsorði foreldra sinna því þar birtast aðrar upplýsingar en á þeirra eigin spjaldi og þau eiga t.d. ekki að hafa aðgang að veikindaskráningu.

Nemendur eiga hins vegar sinn eigin aðgang sem þau geta notað til að skoða meðal annars heimavinnu. Á foreldraspjaldi sést fyrir neðan mynd barnsins aðgangsorð og lykilorð. Endilega skrifið þau niður fyrir börnin ykkar og aðstoðið við að fara inná Mentor ef þau kunna það ekki nú þegar.

Nemendur geta breytt lykilorðinu sínu eins og foreldrar þegar skráð er inn í fyrsta sinn í kerfið.

Á eftirfarandi slóð má finna afar góðar leiðbeiningar (kennslumyndbönd) fyrir foreldra:

<http://mentor.is/Spurningar/Fyrir-nemendur-og-a%C3%B0standendur/Kennslumyndbond>

Náms- og starfsráðgjöf í Naustaskóla

Náms- og starfsráðgjafi við Naustaskóla er Aníta Jónsdóttir (anitaj@akmennt.is). Skrifstofa náms- og starfsráðgjafa er á jarðhæð skólans við aðalinngang.

Náms- og starfsráðgjafi starfar eftir sérstakri áætlun sem nær til allra nemenda skólans. Lögð verður megináhersla á sjálfsþekkingu og samskipti nemenda, námstækni, lífsstíl og náms- og starfsþróun. Með þessa þætti að leiðarljósi eru tengdar saman megináherslur náms- og starfsráðgjafar, skólustefna og sýn Naustaskóla.

Meginmarkmið náms- og starfsráðgjafar við Naustaskóla eru að:

- Stuðla að því að nemendur nái settu marki í námi sínu,
- hjálpa nemendum til sjálfsþekkingar,
- hjálpa nemendum til að marka sér framtíð,
- hjálpa nemendum að vera ábyrgir í vali sínu,
- búa nemendur undir náms- og starfsval í samræmi við áhuga og hæfileika.

Jákvæður agi - hugleiðing mánaðarins

Eins yndislegt og það er að sjá barnið sitt hamingjusamt og glatt þá er það **ekki** okkar hlutverk sem foreldra að tryggja að það sé **alltaf** hamingjusamt og glatt. Það er okkar hlutverk að setja barninu mörk, banna það sem þarf að banna og segja stundum nei. Við verðum að geta staðið af okkur það tilfinningaflóð sem fylgir því þegar við setjum mörk og segjum nei og muna að þetta eru tilfinningar barnsins en ekki okkar. Okkar takmark er að sýna **góðvild, festu, skilning og traust** (við verðum að treysta því að barnið jafni sig þó að það verði stundum fyrir vonbrigðum - það er mikilvægur hluti af lífinu að læra það).

Sýndu góðvild og festu.



JÁKVÆÐUR AGI

- **Tilfinning barnsins – ekki mín tilfinning.** Ég treysti því að barnið geti tekist á við sínar tilfinningar, alveg eins og ég get tekist á við mínar tilfinningar. Ég þarf ekki að reyna að bjarga málum.
- **Ég er ekki valdur þessarar tilfinningar.** Ég hugsa vel um barnið mitt, sé því fyrir öllum grunnþörfum – það þýðir að ég set því mörk, tryggi öryggi þess og hugsa um líkamlegar og andlegar þarfir þess. Þetta geri ég af heilum hug. Hamingjusemi barnsins er undir því komið.
- **Þetta er ekkert persónulegt.** Tilfinningar barnsins míns eru ekki lítillækkandi fyrir mig. Ég er ekki slæmt foreldri þó svo að barnið mitt sé öðruhverju óhamingjusamt. Ég veit að ég gerði ekkert rangt með því að setja mörk og segja NEI.

Um einelti

Í Naustaskóla er unnið samkvæmt ákveðinni áætlun til að fyrirbyggja einelti og til að leysa þau mál sem upp kunna að koma. Eineltisáætlun skólans er birt í starfsáætlun hans en hana er einnig hægt að nálgast beint á heimasíðu skólans á slóðinni:

<http://naustaskoli.is/page/eineltisaetlun>

Mikilvægt er að við vinnum saman að því að fylgjast með líðan barnanna og meta hvort að þau þurfi á einhverjum tímamarki aðstoð til að leysa mál sem snúa að samskiptum í skólanum eða vinnuþingum. Hins vegar er mikilvægt að hafa í huga að upp geta komið samskiptaerfiðleikar hjá börnunum án þess að um einelti sé að ræða.

Við skilgreinum einelti þannig:

Einstaklingur er lagður í einelti ef hún eða hann verður fyrir endurteknum neikvæðum verknaði eins eða fleiri einstaklinga yfir ákveðið tímabil. Þrennt þarf að koma til svo að einelti teljist vera til staðar:

- Árásarhneigt eða illa meint atferli.
- Um er að ræða endurtekningu sem stendur yfir ákveðinn tíma.
- Ójafnvægi afls og valda í samskiptum.

Þegar grunur vaknar um að um einelti geti verið að ræða er fyrsta skrefið hjá okkur að kanna samskipti nemendanna með því að fylgjast með, taka viðtöl og í sumum tilfellum leggja fyrir tengslakannanir. Ef um einelti er að ræða er svo unnið eftir ákveðnu ferli sem byggist að mestu leyti á reglulegum viðtölum við gerendur og þolendur og samstarfi við foreldra.

Gott er að foreldrar hafi í huga eftirtalin einkenni sem gætu verið vísbendingar um að einelti eigi sér stað, og hafi samband við skólann ef grunsemdir vakna.

Tilfinningaleg einkenni:

- Breytingar á skapi.
- Tíður grátur, þarf lítið til að tárin komi fram.
- Svefntruflanir, getur ekki sofið, fær martraðir.
- Matarvenjur breytast, lystarleysi, ofát.
- Þunglyndi.

Líkamleg einkenni:

- Líkamlegar kvartanir, t.d. höfuðverkur, magaverkur.
- Kvíðaeinkenni eins og að naga neglur, stama, kækir ýmiss konar.
- Rifin fót og/eða skemmdar eitur / hvarf á eitur.
- Líkamlegir áverkar.

Félagsleg einkenni:

- Lítið sjálfstraust, hræðsla og kvíði.
- Barnið virðist einangrað, einmana, fær ekki heimsóknir og fer ekki í heimsóknir, forðast t.d. að fara í afmælisboð.

Hegðunarleg einkenni:

- Óútskýranleg skapofsaköst og/eða grátköst.
- Hegðunarerfiðleikar.

Skóli - einkenni:

- Barnið hræðist að fara eitt úr og í skóla, biður um fylgd og/eða fer aðra leið.
- Leggur fyrir af stað í skólann en venjulega eða fer seinna af stað.
- Skróp.
- Barnið mætir iðulega of seint.
- Forðast ákveðnar aðstæður í skólanum t.d. leikfimi eða sund.
- Lægri einkunnir, einbeitingarörðugleikar í námi.
- Einangrun frá skólafélögum.

Heimili - einkenni:

- Barnið neitar að fara í skólann.
- Einangrar sig frá öðrum í fjölskyldunni.
- Aukin peningþörf hjá barninu.
- Barnið neitar að leika sér úti eftir skóla.

Göngum í skólann!

Við hvetjum nemendur okkar til að ganga í skólann enda búa langflestir í auðveldu göngufæri við skólann. Þetta er ekki síst nauðsynlegt vegna þess að enn sem komið er eru bílastæði við skólann af fremur skörnum skammti og aðgengi fyrir umferð ekki eins og best verður á kosið. Þar að auki er hreyfingin holl og gott að fá ferskt loft í lungun að morgni dags..

Aðalfundur Foreldrafélagsins

Að minnsta kosti einn fulltrúi frá hverju heimili þarf að mæta á fundinn!

Samkvæmt lögum Foreldrafélags Naustaskóla skal aðalfundur haldinn árlega í september.

Hér með er því boðað til aðalfundar Foreldrafélags Naustaskóla miðvikudaginn 17. september kl. 20:00-22:00

Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf, hagnýtar upplýsingar og umræður fyrir foreldra og fleira. Afar mikilvægt er að við höldum áfram að móta þá hefð að foreldrar mæti á fundi Foreldrafélagsins og taki virkan þátt í starfinu. Við höfum fengið prýðisgóða mætingu á fundi sem þessa og við viljum að sjálfsögðu gera enn betur í ár. Því leggjum við mikla áherslu á að allir nemendur skólans eigi fulltrúa á aðalfundinum!

Naustaskóli leggur áherslu á þátttöku og áhrif foreldra, nýtum tækifærið og tökum þátt í að skapa gott og gagnlegt foreldrasamstarf.

Námshagnagjaldið...

Nokkrir eiga enn eftir að greiða námshagnagjald vetrarins sem er 3.600 kr. fyrir hvern nemanda. Vinsamlegast greiðið sem allra fyrst!

Reikningsnúmerið er 565-26-460110 kt. 460110-1140





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

September 2014

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
31	1 Hakk, spaggetti og salat. Ávextir.	2 Soðinn fiskur, kartöflur, rófur og tómatsósa. Ávextir. Skólafærninámskeið fyrir foreldra 1.b.	3 Grísasnitset, kartöflur, grænar baunir og brún sósa. Salatbar.	4 Ofnbakaður fiskur í mangósósu, hrísgrjón og paprika. Ávextir. Kosið í nemendaráð	5 Brokkolíostasúpa og brauð. Salatbar.	6
7	8 Soðinn fiskur, kartöflur, soðið grænmeti og smjör. Ávextir Morgunfundur hjá foreldrum 4.-5.b.	9 Hakkabuff, kartöflur og lauksósa. Salatbar. Morgunfundur hjá foreldrum 2.-3.b.	10 Snakkfiskur, hrísgrjón og paprika. Ávextir. Morgunfundur hjá foreldrum 6.-7.b.	11 Kjúklingaleggir, steiktur kartöflur, salat og sveppasósa. Ávextir. Morgunfundur hjá foreldrum 8.-10. b	12 Starfsdagur - Frístund lokað	13
14	15 Ofnbakaður fiskur í tómakarrysósu, hrísgrjón og paprika. Ávextir.	16 Kjötballur í brúnni sósu og kartöflur. Salatbar.	17 Steiktur fiskur, kartöflur, gúrka og piparostasósa. Ávextir. Aðalfundur Foreldrafélagsins kl. 20-22	18 Lambapottréttur, hýðishrísgrjón og salat. Ávextir.	19 Pylsupasta. Salatbar.	20
21	22 Fiskur Björkeby, hrísgrjón, tómatar og blaðlaukssósa. Ávextir. Samr.pr. 10.b ísl.	23 Soðið slátur, kartöflur, rófur og jafningur. Ávextir. Samr.pr. 10.b ens.	24 Fiskibollur í karrysósu og hrísgrjón. Salatbar. Samr.pr. 10.b stæ.	25 Baunabuff, kartöflur, salat og sólskinsdressing. Ávextir. Samræmd próf í 4. og 7. bekk (ísl)	26 Makkarónusúpa og slátur. Salatbar. Samræmd próf í 4. og 7. bekk (stæ)	27
28	29 Kjötbúðingur, kartöflur, salat og brún sósa. Ávextir.	30 Ofnbakaður fiskur í indverskri sósu og hrísgrjón. Salatbar.	1. október Steikt lambakjöt, kartöflur, grænmeti og piparsósa. Ávextir Forvarnadagurinn Fótboltamót unglingsstigs	2 Fiskipottréttur, hrísgrjón og paprika. Ávextir.	3 Starfsdagur - Frístund lokað eftir hádegi. (Kartöflusúpa og brauð, salatbar)	4

Muna: Foreldrar nemenda í 1. bekk - skólafærninámskeið 2. sept kl. 17:30-20:00

Aðrir foreldrar - morgunfundir dagana 8.-11. sept, kl. 8:10 (sjá forsíðu)

12. september og 3. október eru starfs dagar og mánudaginn 6. október verður viðtalsdagur - fyrirkomulag viðtalsdagsins verður auglýst í lok septembermánaðar.

Næsta fréttabréf kemur út 1. október.